

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 89/2020

frá 18. júní 2020

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/666 frá 18. maí 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 920/2013 að því er varðar endurnýjun tilnefninga og eftirlit með tilkynntum aðilum og vöktun á þeim ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við 10. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2013) í XXX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32020 R 0666:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/666 frá 18. maí 2020 (Stjtið. ESB L 156, 19.5.2020, bls. 2).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/666, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. júní 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjtið. ESB L 156, 19.5.2020, bls. 2.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. júní 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING